Reykjavík, 25. september 2020
Fundargerð 207. fundar

Tilvísun: 2001005

Föstudaginn 25. september var haldinn 207. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. en hún er jafnframt framkvæmdaráð almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 09:30.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sat fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins.

Undir liðum 1 til 6, verkefnum á grundvelli almannavarna, voru á fundinum Þóra K. Ásgeirsdóttir deildarstjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins og Ásgeir Þór Ásgeirsson, yfirlögregluþjónn.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritarar voru Þóra Kristín Ásgeirsdóttir og Jón Viðar Matthíasson.

Þetta gerðist:

1. Síðustu tölur

Farið stutt yfir tölfræði síðustu daga. Mikil fjölgun hefur orðið síðustu daga. 400 manns eru í einangrun og 2362 í sóttkví. Smituðum hefur því fjölgað milli vikna um 235 einstaklinga og einstaklingum í sóttkví um 1.571.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Auglýsing heilbrigðisráðherra, minnisblað sóttvarnalæknis

Farið yfir gildandi reglugerðir, minnisblöð sóttvarnalæknis og þær breytingar sem gerðar hafa verið á þeim. Von er á minnisblaði sóttvarnarlæknis til heilbrigðisráðherra um næstu reglugerð en gildandi reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar og um takmörkun á skólastarfi falla úr gildi í næstu viku.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi takmarkanir á opnunartíma krá og skemmtistaða á höfuðborgarsvæðinu e. 21. september. Dags. 20. september 2020.
- REGLUGERÐ nr. 910/2020 um (2.) breytingu á reglugerð nr. 864/2020 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar. Framlenging frá 21. september til 27. september. Dags. 21. september 2020.

- Frétt heilbrigðisráðuneytis. Bakvarðasveitin: Óskað eftir heilbrigðisstarfsfólki á útkallslista. Dags. 21. september 2020.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Ráðstafanir neyðarstjórna og sveitarfélaga

Neyðarstjórnir sveitarfélaganna hafa fundað reglulega og samstarf sveitarfélaganna og AHS verið mikið á ýmsum sviðum og samráðshópar í gangi. Fundir hafa verið haldnir með stjórnendum á velferðarsviði, stjórnendum skóla og frístundastarfs og stjórnendum íþrótta og tómstundarstarfs. Aukin varkárni er í skólasamfélaginu og í íþróttastarfi barna, ásamt velferðarstarfi.

Afgreiðsla: Kynning.

4. Ráðstafanir LRH

Ásgeir Þór yfirlögregluþjónn fór yfir ráðstafanir og verkefni LRH, bæði hvað varðar innra starf LRH og verkefni úti í samfélaginu. LRH vinnur að eftirliti vegna takmörkunar sóttvarnalæknis fyrir skemmtistaði og krár.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Ráðstafanir SHS

Slökkviliðsstjóri fór yfir ráðstafanir og verkefni SHS. Starfsfólk að koma úr sóttkví, búið að hólfa starfsemina aftur að hluta til niður.

Afgreiðsla: Kynning.

6. Önnur mál AHS

Engin önnur mál

Afgreiðsla: Kynning.

7. Samanburður á kjarasamningum

Kjarasamningur Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna skoðaður m.t.t. þriggja annarra gildandi kjarasamninga.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað SHS. Kjarasamningur 2020. Dags. 24. september 2020.

Afgreiðsla: Sent til stjórnar SSH til umfjöllunar.

8. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 10:12.

Næsti fundur verður föstudaginn 2. október.

Fylgiskjöl:

AHS:

- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi takmarkanir á opnunartíma kráa og skemmtistaða á höfuðborgarsvæðinu e. 21. september. Dags. 20. september 2020.
- REGLUGERÐ nr. 910/2020 um (2.) breytingu á reglugerð nr. 864/2020 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar. Framlenging frá 21. september til 27. september. Dags. 21. september 2020.
- Frétt heilbrigðisráðuneytis. Bakvarðasveitin: Óskað eftir heilbrigðisstarfsfólki á útkallslista. Dags. 21. september 2020.

SHS:

- Minnisblað SHS. Kjarasamningur 2020. Dags. 24. september 2020.

Dagur B. Eggertsson

Rósa Guðbjartsdóttir

Gunnar Einarsson

Ásgerður Halldórsdóttir

Haraldur Sverrisson

Ármann Kr. Ólafsson